

Malbikunarstöðin Höfði hf.  
Elín Ásgeirsdóttir  
Sævarhöfða 6 - 10  
110 Reykjavík

Reykjavík, 11.9.2024  
UST202401-427/gf  
08.08.02

### **Varðar eftirlit með lokun starfstöðvar Malbikunarstöðvarinnar Höfða, ID nr. 4, Sævarhöfða 6 - 10 í Reykjavík**

Þann 13. ágúst sl. fór fram lokunareftirlit á lóð Malbikunarstöðvarinnar Höfða að Sævarhöfða 6 - 10 í Reykjavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik eru opin og engin ný frávik komu fram í eftirlitinu. Eftirfarandi ábendingar til rekstraraðila voru settar fram:

- 1) Rekstraraðila er bent á að sækja um skráningu á niðurrifi mannvirkja á lóðinni Sævarhöfði 6 - 10. Skrá skal starfsemina á vefsetrinu [island.is](https://island.is) áður en niðurrif mannvirkja hefst.
- 2) Rekstraraðila er því bent á að móttaka malbiksbrota á lóðinni Sævarhöfði 6 - 10 er óheimil og því ber rekstraraðila að hætta þeirri starfsemi. Eftirfylgni með því er á hendi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.
- 3) Rekstraraðila er bent á að halda Umhverfisstofnun upplýstri um framgang mála við brottflutning af lóðinni Sævarhöfða 6 - 10.

Virðingarfyllt,

Gottskálf Friðgeirsson

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur